

Nd. **287. Frumvarp til laga** [150. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Sverrir Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Geithellnahreppi jarðirnar Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Að öðrum kosti skal kaupverð ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Geithellnahreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús hafa árum saman verið í eyði. Þetta eru dalajarðir, sem liggja við afréttirnar ofan núverandi byggða. Hreppsnefnd Geithellnahrepps telur eðlilegt, að hreppurinn eignist jarðirnar, svo að haga megi nytjun þeirra með því móti, sem bezt samrýmist þörf hreppsúa. Hefur hreppsnefndin því farið þess á leit að fá jarðirnar keyptar. Flm. fallast á sjónarmið hreppsnefndarinnar og leggja því til með frv. þessu, að heimilað verði að selja hreppnum jarðirnar.